

Gjaldskrá

Þjónustan heim 2019

1.gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Norðurþingi skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 126 samkvæmt samningum Starfsmannafélags Húsavíkur, að viðbættu orlofi, álagi og launatengdum gjöldum, samtals: 2.728. kr.

2.gr.

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyrir/örorkulífeyri, tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingarauka frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka eða 239.484 kr.

2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða 359.226 kr.

3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.

4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns

5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.

6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.

7. Lífeyrisþegar greiða aldrei hærra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun Ríkisins.

8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3.gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4.gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustupega, 18 ára og yngri og skal draga meðlags upphæð frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 33.168. kr frá heildartekjum þjónustupega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Fullt gjald fyrir hverja unna vinnustund er kr. 2.674.- frá 01.01.2019.

Tekjumörk þjónustupega sem búa einir:

Allt að 239.484 kr pr. mán.....	0 kr/klst
Á bilinu 239.484 - 353.851 kr/mán.....	909 kr/klst
Á bilinu 353.851 - 411.034 kr/mán.....	1.364 kr/klst
Yfir 411.034 kr/mán.....	2.728 kr/klst

Tekjumörk hjóna kr/mán.

Allt að 359.226 kr/mán.....	0 kr/klst
Á bilinu 359.226 - 530.777 kr/mán.....	909 kr/klst
Á bilinu 530.777 - 616.552 kr/mán.....	1.364 kr/klst
Yfir 616.552 kr/mán.....	2.728 kr/klst

Tekjumörk örorku/endurhæfingarlífeyrispega er 239.484 pr. mán.



Gjaldskrá þessi gildir frá 1. janúar 2019

Samþykkt í fjölskylduráði Norðurljósi þann 15.10. 2018 og staðfest af sveitarstjórn Norðurljósi þann 13.12. 2018.